



Alþingi, nefndasvið
bt. Stígs Stefánssonar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. nóvember 2013

Umsögn um þál.till. um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Alþýðulýðveldisins Kína (þskj. 73, 73. mál á 143. löggj.þ.)

Vísað er til erindis skrifstofu Alþingis, dags. 21. október 2013, þar sem utanríkismálanefnd sendir til umsagnar tillögu um þingsályktunar um fríverslunarsamning Íslands og Kína, 73. mál.

Íslandsdeild Amnesty International er ekki mótfallin umræddum fríverslunarsamningi og leggst ekki gegn fyrirbyggjandi stjórnartillögu um að Alþingi álykti að heimila ríkisstjórninni að fullgilda hann fyrir Íslands hönd.

Hins vegar gefur tillagan tilefni til að benda á að rannsóknir Amnesty International sýna að kínverska ríkið fremur enn víðtæk mannréttindabrot, bæði á þegnum sínum og t.d. farandverkafólki sem stundar þar vinnu. Má í þessu sambandi einkum vísa til eftirtalinna skýrslna samtakanna:

- Ársskýrsla Amnesty International 2013¹ þar sem meðal annars er fjallað um þessi af þeim helstu mannréttindabrotum sem kínversk stjórnvöld stunda nú:
 - Saksókn ríkisins gegn einstaklingum sem nýtt hafa tjáningarfrelsi sitt með friðsömum hætti t.d. til að mæla fyrir umbótum í mannréttindamálum og þeim m.a. gefið að sök að „stefna öryggi ríkisins í hættu“ og „grafa undan valdi ríkisins“, auk ofsókna og hótana yfirvalda í garð lögmanna sem hafa tekið að sér mál sakborninga í málum af þessu tagi.
 - Víðtækt net fangabúða þ.m.t. talin svonefnd „svört fangelsi“ þar sem hundruð þúsunda einstaklinga eru vistuð án réttarhalda, að ákvörðun yfirvalda og stundaðar eru pyntingar og nauðungarvinna.
 - Þó að kínverska ríkið birti ekki tölur um fjölda af aftökum sem það framkvæmir þá liggur fyrir að enn tekur það fleira fólk af lífi en tekið er af lífi samanlagt í öðrum ríkjum heims. Aftökur kínverskra stjórnvalda á þegnum sínum fara enn oft fram í kjölfar réttarhalda þar sem sakborningar nutu ekki sanngjarnrar málsmeðferðar.
 - Kínversk yfirvöld halda áfram að kúga íbúa Tíbet til að láta af friðsömum mótmælum gegn banni við að Tíbetum verði heimilt að njóta eigin menningar og nýta trúfrelsi sitt, tjáningarfrelsi og önnur borgaraleg mannréttindi. Beita kínversk stjórnvöld í þeim tilgangi m.a. barsmíðum, skotvopnum og nauðungarvistun í fangabúðum.

¹ *Amnesty International's Annual Report 2013*, útg. 22. maí 2013. Kaflann í skýrslunni um Kína má nálgast á heimasíðu samtakanna, á slóðinni <http://www.amnesty.org/en/region/china/report-2013>

² *Amnesty International assessment of states' implementation of recommendations from the previous UPR:*



- Nauðungarflutningar fólks af heimilum sínum eru viðvarandi vandamál sem kínversk yfirvöld hafa ekki stemmt stigu við og hafa ekki beitt þar til gerðri löggjöf í landinu til að vernda rétt fólks gegn ólögmati upptöku fasteigna.
- Framlag Amnesty International til síðustu reglulegu heildaryfirferðar mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðarinnar um ástand mannréttindamála (Universal Periodic Review 17 – UPR17)² þar sem vakin var athygli á að kínversk stjórnvöld stundi enn stórfellda ofsóknir gegn einstaklingum fyrir það eitt að nýta tjáningarfrelsi sitt, fundarfrelsi, félagafrelsi eða trúfrelsi. Þá séu ólöglegt varðhald og beiting pyntinga landlæg af hálfu yfirvalda, auk annarrar grimmilegrar, ómannúðlegrar og niðurlægjandi meðferðar á þeim sem hnepptir eru í varðhald, einkum þeim sem tilheyra hópum sem yfirvöld hafa gert að skotspón sínum, þar á meðal Tíbetar, Uighurgar, Mongólar og fleiri þjóðernisminnihlutar. Þá sé ósanngjörn sakamálemeðferð fyrir dómstólum viðvarandi vandamál og sakborningar njóti enn takmarkaðra réttinda, svo sem til að fá upplýsingar um málsmeðferðina og til að leita sér lögfræðilegrar aðstoðar. Í þessu framlagi samtakanna var einnig fjallað um þær breytingar sem gerðar voru í upphafi árs á lögum um meðferð sakamála. Benda samtökin á að þó að í þeim breytingum felist ákveðnar umbætur, svo sem að lagt er bann við framlagningu gagna sem aflað er með ólögætum hætti, sem skilja má svo að banni framlagningu gagna sem aflað er með pyntingum og að lögfesta meginreglu um að sakaðir teljist saklausir uns sekt sé sönnuð, þá felist einnig í breytingunum ákveðin afturför, svo sem með því að fella brott lagalega skyldu lögreglu til að greina fjölskyldum brottnumdra einstaklinga frá því hvar viðkomandi einstaklingum sé haldið, auk þess að heimila nú að brottnumdum einstaklingum verði haldið í allt að sex mánaða tíma í óskráðum fangabúðum. Loks er í framlagi samtakanna bent á að kínversk yfirvöld hafi enga vernd veitt þeim hundruðum þúsunda einstaklinga sem fluttir eru nauðungarflutningum frá heimilum sínum og að þrátt fyrir yfirlýsingar kínverskra stjórnvalda um að þau hyggest leggja af víðtækt fangabúðakerfi sitt, þar sem margar hundruðir þúsunda einstaklinga eru vistaðar án dóms og laga í þeim tilgangi að undirgangast „endurhæfingu skoðana sinna“ (svonefnt RTL-kerfi), þá skorti slíkar yfirlýsingar enn sem komið er trúverðugleika, þar sem engin heildstæð áætlun hafi verði lögð fram um hvenær eða hvernig sú aflagning sé fyrirhuguð.
- Loks má nefna nýja skýrslu um bága stöðu vinnuafls sem flutt er nauðungarflutningum frá Indónesíu til starfa í Hong Kong³, en í Hong Kong eru um 320.000 einstaklingar farandverkafólk og um helmingur þeirra er frá Indónesíu.

Íslandsdeild Amnesty International skorar á íslensk stjórnvöld, þar á meðal á Alþingi og utanríkismálanefnd hennar, að nýta þau tækifæri sem þeim kunna að gefast til að vekja athygli á bágrri stöðu mannréttindamála í Kína, að hvetja kínversk stjórnvöld — þar á meðal í tengslum við umræddan fríverslunarsamning og framkvæmd hans — til að gera úrbætur í þeim málum og að leggja öðrum ríkjum lið við að setja slíkan þrýsting á kínversk stjórnvöld.

² *Amnesty International assessment of states' implementation of recommendations from the previous UPR: 17th Session of the UPR Working Group*, útg. 11. júlí 2013, s. 3-4, sjá <http://www.amnesty.org/en/library/info/IOR41/011/2013/en>

³ *China: Exploited for profit, failed by governments: Indonesian migrant domestic workers trafficked to Hong Kong*, útg. 21. nóv. 2013, sjá <http://www.amnesty.org/en/library/info/ASA17/029/2013/en> og stuttan útdrátt á slóðinni <http://www.amnesty.org/en/library/info/ASA17/041/2013/en>



Það er eðlilegt að það komi í hlut frjálsra ríkja, þar sem mannréttindi njóta almennrar viðurkenningar, að vera í fararbroddi þeirra sem hvetja ríkisstjórnir sem ekki virða mannréttindi þegna sinna til að ráða á því bót.

Virðingarfyllt,


Hörður Helgi Helgason, formaður